



# Rekstraráætlun 2021

## Forsendur rekstraráætlunar

Rekstraráætlun er unnin af framkvæmdastjóra og samþykkt af stjórn stofnunarinnar, miðað við núverandi stöðu hennar.

Rekstrargjöld ársins 2021 eru á 12 mánaða grunni en áætlun síðasta árs miðaði að stórum hluta við færri mánuði eða frá þeim tíma þegar AkAk flutti í nýtt húsnæði í febrúar og hóf rekstur þess en þá komu líka til sögunnar ýmsir nýir rekstrarliðir eins og hússjóður og fasteignagjöld og einnig höfðu ýmsir liðir í rekstri ekki verið virkir á fyrstu mánuðum síðasta árs en þá var AkAk í húsnæði sem Akureyrarbær útvegaði AkAk að kostnaðarlausu.

Gert er ráð fyrir að starfshlutfall framkvæmdastjóra verði hækkað úr 30% í 50% þegar kemur fram á árið 2021.

Kostnaður við verkefni er hærri en í rekstraráætlun síðasta árs vegna áforma um fleiri opna fyrirlestra á öldrunarheimilum Akureyrarbæjar fyrir íbúa og aðra eldri borgara bæjarins og einnig vegna aðkeyptrar vinnu við að láta taka saman yfirlit yfir greinar og ritverk sem fræðimenn hafa unnið á vettvangi AkAk frá upphafi. Þóknun vegna vinnu við þetta yfirlit miðast við tveggja mánaða verktakagreiðslur samkvæmt reglum starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna hjá RANNÍS.

Gert er ráð fyrir auknum rekstrartekjum á árinu einkum vegna herra framlags frá frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og útleigu á fleiri vinnurýmum til fræðimanna.

Í efnahagsreikningi eins og staða hans er áætluð í árslok 2021 koma fram vaxtagjöld af láni sem AkAk tók til að kaupa nýtt húsnæði og einnig áætluð staða lánsins í árslok.

# Rekstraráætlun 2021

	Áætlun 2021	Staða 30. apríl 2021
<b>Rekstrartekjur</b>		
Styrkur frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.....	9,200,000	3,000,000
Aðrir styrkir.....	150,000	430,000
Útleiga á vinnuástöðu.....	2,500,000	748,750
Árgjöld.....	50,000	12,000
	<b>11,900,000</b>	<b>4,190,750</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Rekstur húsnæðis.....	2,630,000	1,374,948
Annar rekstrarkostnaður.....	1,080,000	112,978
Laun og launatengd gjöld.....	3,990,315	855,948
Verkefnakostnaður.....	1,560,000	727,500
	<b>9,260,315</b>	<b>3,071,374</b>
Rekstrarhagnaður (-tap)	<b>2,639,685</b>	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur.....	10,000	0,0
Vaxtagjöld.....	1,320,673	361,644
	<b>-1,310,673</b>	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1,329,012</b>	

## Áætlaður efnahagsreikningur í árslok

	<b>Áætlun 2021</b>
<b>Eignir</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	
Fasteign í Sunnuhlíð.....	25,800,000
	<b>25,800,000</b>
Handbært fé.....	2,000,000
	<u>2,000,000</u>
<b>Eignir samtals</b>	<b>27,800,000</b>
<b>Eigið fé</b>	
Stofnfé.....	1,083,000
Rekstrarniðurstaða.....	1,329,012
Óráðstafað eigið fé.....	5,733,474
	<u>8,145,486</u>
<b>Skuldir</b>	
Skuldir við lánastofnanir.....	19,354,514
	<u>19,354,514</u>
Ýmsar skammtímaskuldir.....	300,000
	<b>300,000</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>19,654,514</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>27,800,000</b>